



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019010035

10. janúar 2019

Sæbraut Snorrabraut og Katrínartún Guðrúnartún, breyting á gatnamótum samhliða endurnýjun umferðarljósa

- Lagt er til að samhliða endurnýjun á umferðarljósum á gatnamótum Sæbrautar og Snorrabrautar verði hægribeygjuframhjálaup frá Snorrabraut inn á Sæbraut aflagt. Umferð til hægri verður á annarri af þeim tveimur akreinum sem í dag liggja að gatnamótunum.
- Lagt er til að samhliða endurnýjun á umferðarljósum á gatnamótum Sæbrautar og Katrínartúns verði gönguþverun yfir Guðrúnartún næst Katrínartúni bætt. Til þess að koma gönguþverun fyrir þarf að leggja niður eitt bílastæði næst gatnamótunum.


Myndir til skýringa eru á næstu síðu. Vor 2019 er áætlað að endurnýja umferðarljósabúnað á gatnamótum Sæbrautar og Frakkastígs, Sæbrautar og Snorrabrautar og Sæbrautar og Katrínartúns. Gatnamót Sæbrautar og Frakkastígs verða færð og endurgerð í samræmi við deiliskipulag á hinum tveimur er gert ráð fyrir að lagfæra gönguleiðir samhliða m.a. með því að setja leiðilínur og viðvörunarrönd/hellur fyrir blinda og sjónskerta. Einnig verður stöðvunarlína færð 2,5m frá gönguþverun til samræmis við leiðbeiningar um gönguþveranir og þess gætt við stillingu umferðarljósanna að grænt ljós logi nægjanlega lengi fyrir gangandi vegfarendur. Það hefur einhver áhrif á þjónustustig umferðar eftir Sæbraut en eftir sem áður þjónustustig ásætlanlegt (A til C). Verkefnið er unnið í samvinnu með Vegagerðinni þar sem Sæbraut er þjóðvegur í þéttbýli.

Með því að fella niður hægribeygjuframhjálaup frá Snorrabraut inn á Sæbraut er öryggi og aðgengi gangandi bætt. Í staðinn mun umferð sem hyggst beygja til hægri frá Snorrabraut vera á annarri af þeim tveimur akreinum sem í dag eru til vinstri. Athugun á áhrifum þessa á afköst sýnir að umferðarrýmð gatnamótanna rúmar þessa breytingu vel. Áætlað er að þjónustustig straumsins sem í dag er í framhjálaupi verði B eftir breytingar, bæði árdegis og síðdegis.


Á gatnamótum Katrínartúns og Guðrúnartúns er í dag skilgreind gönguþverun en hún er alveg út í gatnamótunum. Lagt er til að bæta þessa gönguþverun með því að færa hana innar í Guðrúnartún. Til að koma því við þarf að fella niður eitt bílastæði.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Tillaga að fyrirkomulagi gatnamóta Sæbrautar og Snorrabrautar.



Mynd 2 Tillaga að fyrirkomulagi gatnamóta Sæbrautar og Katrínartúns og gatnamóta Katrínartúns og Guðrúnartúns.



Mynd 3 Gatnamót Sæbrautar og Snorrabrautar, horft norður eftir Snorrabraut. Lagt er til að leggja niður akreinina lengst til hægri.



Mynd 4 Gatnamót Sæbrautar og Katrínartúns og gatnamót Katrínartúns og Guðrúnartúns, horft norður eftir Katrínartúni. Lagt er til að bæta gönguþverun yfir Guðrúnartún sem í dag er löng og nánast inni í gatnamótunum. Fella þarf niður eitt bílastæði norðan Guðrúnartúns.